17. febrúar 2016

# Hagnaður N1 1.860 milljónir króna árið 2015

## Helstu niðurstöður

- Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) árið 2015 nam 3.012 m.kr. samanborið við 2.668 m.kr. árið 2014
- Framlegð af vörusölu jókst um 5,9% á árinu 2015
- Selt magn án JET jókst á árinu 2015 um 9,7%
- Þróun heimsmarkaðsverðs á olíu á árinu hafði neikvæð áhrif á afkomu félagsins
- EBITDA var 628 m.kr. á 4. ársfjórðungi 2015 (4F2014: 502 m.kr.)
- Eigið fé var 7.731 m.kr. og eiginfjárhlutfall 41,2% í lok árs 2015
- Arðsemi eiginfjár var 19,9% (2014: 11,9%)
- Nettó vaxtaberandi skuldir voru samtals 3.972 m.kr. í árslok 2015 (2014: 2.025 m.kr. )
- Veltuhraði birgða var 12,03 á árinu 2015 (2014: 12,13)
- Meðalfjöldi stöðugilda var 521 á árinu 2014 (2014: 560)
- Stjórn félagsins leggur til að arður að fjárhæð 1.050 m.kr. verði greiddur til hluthafa á árinu 2016 eða 3,0 krónur á hvern hlut

| *Þúsundir króna* | *4F 2015* | *4F 2014* | *Breyt.* | *% Breyt.* | *2015* | *2014* | *Breyt.* | *% Breyt.* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrarreikningur** | | | | | | | | |
| Framlegð af vörusölu | 2.323.224 | 2.083.909 | 239.315 | 11,5% | 10.168.519 | 9.604.720 | 563.799 | 5,9% |
| Aðrar rekstrartekjur | 110.665 | 184.388 | -73.723 | -40,0% | 392.161 | 497.802 | -105.641 | -21,2% |
| EBITDA | 628.337 | 502.229 | 126.108 | 25,1% | 3.011.848 | 2.668.349 | 343.499 | 12,9% |
| EBIT | 440.192 | 278.802 | 161.390 | 57,9% | 2.295.309 | 1.921.153 | 374.156 | 19,5% |
| EBT | 432.308 | 348.097 | 84.211 | 24,2% | 2.281.839 | 2.009.770 | 272.069 | 13,5% |
| Hagnaður tímbilsins | 350.524 | 282.894 | 67.630 | 23,9% | 1.860.245 | 1.627.550 | 232.695 | 14,3% |
| **Efnahagsreikningur** | | | | | | | | |
| Birgðir | - | - | - | - | 2.604.007 | 3.134.257 | -530.250 | -16,9% |
| Viðskiptakröfur | - | - | - | - | 2.275.197 | 3.042.593 | -767.396 | -25,2% |
| Vaxtaberandi skuldir | - | - | - | - | 6.370.000 | 6.580.000 | -210.000 | -3,2% |
| Handbært fé | - | - | - | - | 2.472.372 | 4.629.100 | -2.156.728 | -46,6% |
| Nettó vaxtaberandi skuldir | - | - | - | - | 3.971.750 | 2.025.309 | 1.946.441 | 96,1% |
| **Sjóðstreymi** | | | | | | | | |
| Handbært fé frá rekstri | 880.332 | 1.228.509 | -348.177 | -28,3% | 4.250.391 | 3.958.547 | 291.844 | 7,4% |
| Fjárfestingahreyfingar | -188.488 | 1.158.394 | -1.346.882 | -116,3% | -471.955 | 937.865 | -1.409.820 | -150,3% |
| Fjármögnunarhreyfingar | -1.616.885 | -4.006.103 | -2.389.218 | -59,6% | -5.968.636 | -6.327.368 | -358.732 | -5,7% |
| Handbært fé í lok tímabils | 2.472.372 | 4.629.100 | -2.156.728 | -46,6% | 2.472.372 | 4.629.100 | -2.156.728 | -46,6% |
| **Lykiltölur** | | | | | | | | |
| EBITDA/framlegð | 27,0% | 24,1% | 2,9% | 12,2% | 29,6% | 27,8% | 1,8% | 6,6% |
| Eiginfjárhlutfall | - | - | - | - | 41,2% | 49,4% | -8,2% | -16,6% |
| Laun/framlegð | 43,2% | 46,1% | -2,8% | -6,2% | 38,2% | 39,9% | -1,7% | -4,2% |
| Hagnaður á hlut | 0,77 | 0,28 | 0,49 | 175,0% | 3,39 | 1,67 | 1,72 | 103,0% |
| Arðsemi eigin fjár | - | - | - | - | 19,9% | 11,9% | 8,0% | 67,2% |
| Fjárfestingar | -203.598 | -175.113 | -28.485 | -16,3% | -487.065 | -395.642 | -91.423 | -23,1% |
| Veltuhraði birgða | 9,99 | 11,92 | -1,94 | -16,2% | 12,03 | 12,13 | -0,10 | -0,8% |

| *Þúsundir króna* | *4F 2015* | *4F 2014* | *Breyt.* | *% Breyt.* | *12M 2015* | *12M 2014* | *Breyt.* | *% Breyt.* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Markaðshlutdeild án JET * | 33,7% | 36,1% | -2,4% | -6,7% | 37,1% | 37,2% | -0,1% | -0,2% |
| Markaðshlutdeild bensín | 29,7% | 29,2% | 0,4% | 1,4% | 31,8% | 31,1% | 0,7% | 2,3% |

** JET stendur fyrir flugvélaeldsneyti*

17. febrúar 2016

## Rekstur fjórða ársfjórðungs

| *Þúsundir króna* | *4F 2015* | *4F 2014* | *Breyt.* | *% Breyt.* | *12M 2015* | *12M 2014* | *Breyt.* | *% Breyt.* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrarreikningur** | | | | | | | | |
| Framlegð af vörusölu | 2.323.224 | 2.083.909 | 239.315 | 11,5% | 10.168.519 | 9.604.720 | 563.799 | 5,9% |
| Aðrar rekstrartekjur | 110.665 | 184.388 | -73.723 | -40,0% | 392.161 | 497.802 | -105.641 | -21,2% |
| Laun og annar starfsmannakostnaður | -1.004.435 | -960.048 | 44.387 | 4,6% | -3.883.348 | -3.830.592 | 52.756 | 1,4% |
| Sölu- og dreifingarkostnaður | -462.215 | -464.488 | -2.273 | -0,5% | -2.268.324 | -2.135.611 | 132.713 | 6,2% |
| Annar rekstrarkostnaður | -338.902 | -341.532 | -2.630 | -0,8% | -1.397.160 | -1.467.970 | -70.810 | -4,8% |
| EBITDA | 628.337 | 502.229 | 126.108 | 25,1% | 3.011.848 | 2.668.349 | 343.499 | 12,9% |

EBITDA 4F 2015 var 628 m.kr. samanborið við 502 m.kr. 4F 2014 en aukningin skýrist að mestu af aukinni framlegð af vörusölu sem var lægri en ella á 4F 2014 vegna mikillar lækkunar á heimsmarkaðsverði á olíu. Aukning framlegðar af vörusölu tengist auknum umsvifum í sjávarútvegi og á einstaklingsmarkaði.

## Tekjur á fjórða ársfjórðungi

| *Þúsundir lítra / velta í öðrum vörum í þúsundum króna* | *4F 2015* | *4F 2014* | *Breyt.* | *% Breyt.* | *12M 2015* | *12M 2014* | *Breyt.* | *% Breyt.* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Selt magn - bensín | 12.366 | 12.018 | 348 | 2,9% | 57.793 | 55.874 | 1.920 | 3,4% |
| Selt magn - gasolía | 18.209 | 17.114 | 1.095 | 6,4% | 81.134 | 77.089 | 4.045 | 5,2% |
| Selt magn - heild án JET | 49.360 | 48.547 | 813 | 1,7% | 255.838 | 233.287 | 22.551 | 9,7% |
| Velta annarra vara | 2.715.805 | 2.526.357 | 189.448 | 7,5% | 10.316.715 | 10.167.523 | 149.192 | 1,5% |
| Framlegð eldsneytis | 1.162.241 | 1.017.234 | 145.007 | 14,3% | 5.632.286 | 5.278.548 | 353.738 | 6,7% |
| Framlegð annarra vara | 1.160.983 | 1.066.675 | 94.308 | 8,8% | 4.536.233 | 4.326.172 | 210.061 | 4,9% |

| | *4F 2015* | *4F 2014* | *Breyt.* | *% Breyt.* | *12M 2015* | *12M 2014* | *Breyt.* | *% Breyt.* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Markaðshlutdeild án JET * | 33,7% | 36,1% | -2,42% | -6,71% | 37,1% | 37,2% | -0,09% | -0,24% |
| Markaðshlutdeild bensín | 29,7% | 29,2% | 0,41% | 1,40% | 31,8% | 31,1% | 0,70% | 2,25% |

** JET stendur fyrir flugvélaeldsneyti*

Selt magn af eldsneyti án flugvélaeldsneytis (JET) jókst um 1,7% á 4F 2015 samanborið við 4F 2014 en aukningin skýrist af auknum umsvifum á einstaklingsmarkaði sem eru að mestu leyti tilkomin vegna aukins ferðamannastraums til landsins og auknum umsvifum almennt. Lækkun á heimsmarkaðsverði olíu á fjórða ársfjórðungi 2014 var töluvert meiri en á sama tímabili 2015 og skýrir það ásamt breyttri samsetningu sölu að mestu að framlegð á seldan líter eldsneytis á fjórða árfjórðungi 2015 er hærri en á sama tímabili 2014. Velta annarra vara jókst um 7,5% á 4F 2015 ef horft er til sama tímabils á árinu 2014 en aukningin er að mestu vegna aukinna umsvifa í bílaþjónustu.

## Rekstrarkostnaður á fjórða ársfjórðungi

| *Þúsundir króna* | *4F 2015* | *4F 2014* | *Breyt.* | *% Breyt.* | *12M 2015* | *12M 2014* | *Breyt.* | *% Breyt.* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Launa- og starfsmannakostnaður | -1.004.435 | -960.048 | 44.388 | 4,6% | -3.883.348 | -3.830.592 | 52.757 | 1,4% |
| Dreifingarkostnaður | -347.421 | -323.155 | 24.266 | 7,5% | -1.702.775 | -1.499.711 | 203.064 | 13,5% |
| Markaðskostnaður | -46.775 | -59.041 | -12.266 | -20,8% | -256.597 | -301.122 | -44.525 | -14,8% |
| Viðhaldskostnaður | -68.019 | -82.292 | -14.273 | -17,3% | -308.952 | -334.778 | -25.826 | -7,7% |
| Annar rekstrarkostnaður | -338.902 | -341.532 | -2.630 | -0,8% | -1.397.160 | -1.467.970 | -70.810 | -4,8% |
| Samtals | -1.805.552 | -1.766.067 | 39.485 | 2,2% | -7.548.832 | -7.434.173 | 114.660 | 1,5% |

Meðalfjöldi starfsmanna umreiknaður í heilsársstörf á fjórða ársfjórðungi 2015 var 502 en var 513 á fjórða ársfjórðungi 2014 en fækkun stöðugilda gerir það að verkum að áhrif hækkunar á launum vegna kjarasamninga eru ekki meiri. Dreifingarkostnaður var 7,5% hærri á fjórða ársfjórðungi 2015 sem skýrist af stærstum hluta af aukningu í seldu magni og breyttri samsetningu í sölu miðað við fjórða ársfjórðung 2014 ásamt verðhækkunum hjá Olíudreifingu.

## Fjármagnsliðir

| *Þúsundir króna* | *4F 2015* | *4F 2014* | *Breyting* | *% Breyting* |
|---|---|---|---|---|
| Fjármunatekjur | 73.052 | 116.260 | -43.208 | -37,2% |
| Fjármagnsgjöld | -114.972 | -110.855 | -4.117 | 3,7% |
| Gengismunur | 10.723 | 39.248 | -28.525 | -72,7% |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | 23.313 | 4.665 | 18.648 | 399,7% |
| Gangvirðisbreyting hlutabréfa | 0 | 19.977 | -19.977 | |
| Samtals | -7.884 | 69.295 | -77.179 | -111,4% |

Fjármunatekjur voru lægri á 4. fjórðungi 2015 en á sama tímabili árið á undan vegna lægri stöðu handbærs fjár. Gengismunur er jákvæður vegna þróunar á USD/ISK á 4F 2015. Afkoma hlutdeildarfélaga var betri á 4F 2015 en á 4F 2014.

## Efnahagur og fjárhagsleg staða

| *Þúsundir króna* | *12M 2015* | *12M 2014* | *Breyting* | *% Breyting* |
|---|---|---|---|---|
| Birgðir | 2.604.007 | 3.134.257 | -530.250 | -16,9% |
| Viðskiptakröfur | 2.275.197 | 3.042.593 | -767.396 | -25,2% |
| Vaxtaberandi skuldir | 6.370.000 | 6.580.000 | -210.000 | -3,2% |
| Handbært fé | 2.472.372 | 4.629.100 | -2.156.728 | -46,6% |
| Nettó vaxtaberandi skuldir | 3.971.750 | 2.025.309 | 1.946.441 | 96,1% |
| Eiginfjárhlutfall | 41,2% | 49,4% | -8,2% | -16,6% |
| Veltuhraði birgða | 12,03 | 12,13 | -0,10 | -0,8% |

Lækkun birgða og viðskiptakrafna skýrist að mestu af lægra heimsmarkaðsverði á olíu. Afborganir vaxtaberandi skulda námu 210 m.kr. á árinu 2015 en félagið samdi um afborgunarfrelsi til næstu fimm ára. Fjárfestingar ársins 2015 voru 472 m.kr. þegar tekið er tillit til seldra rekstrarfjármuna.

**Horfur í rekstri N1 hf. og EBITDA spá 2016**

- Áfram verður lögð áhersla á að auka veltuhraða birgða og lækka rekstrarkostnað
- Órói á olíumörkuðum mun hafa áhrif á framlegð og fjárbindingu
- Stefnir í að loðnuvertíð verði ekki jafn góð og árið 2015
- Gert er ráð fyrir áframhaldandi fjölgun erlendra ferðamanna
- Launahækkanir samkvæmt kjarasamningum munu hafa töluverð áhrif á launakostnað félagsins

EBITDA spá fyrir 2016 gerir ráð fyrir að EBITDA muni verða á bilinu 3.000 – 3.100 m.kr.
Sú spá gerir ráð fyrir því að olíuverð verði tiltölulega stöðugt og að gengi USD/ISK verði í kringum 128. Rekstur félagsins er sveiflukenndur og fellur stærsti hluti EBITDA til á 2. og 3ja ársfjórðungi.

**Hluthafar**

- Markaðsvirði félagsins í árslok 2015 var 18,2 milljarðar króna
- Á árinu 2015 greiddi félagið 840 m.kr. í arð og 4.503 m.kr. vegna lækkunar hlutafjár
- Markaðsvirði félagins var 16,3 milljarðar króna í lok árs 2014 og var ávöxtun hluthafa 2015 því um 44,4% að teknu tilliti til arðgreiðslu og lækkunar hlutafjár

**Kynningarfundur fimmtudaginn 18. febrúar 2016**

Opinn kynningarfundur fyrir markaðsaðila og hluthafa verður haldinn fimmtudaginn 18. febrúar 2016 í höfuðstöðvum N1 að Dalvegi 10 – 14 í Kópavogi 3. hæð. Eggert Kristófersson, forstjóri, mun kynna afkomuna og svara spurningum. Fundurinn hefst kl. 8:30 og verður boðið upp á léttan morgunverð frá kl. 8:00. Kynningarefni vegna fundarins verður hægt að nálgast að honum loknum á heimasíðu N1: http://www.n1.is/n1/fjarfestatengsl/ og í fréttakerfi Nasdaq OMX Iceland hf.

**Samþykkt ársreiknings**

Ársreikningur N1 hf. var samþykktur á stjórnarfundi þann 17. febrúar 2016. Ársreikningurinn var endurskoðaður af Ernst & Young ehf.

**Fjárhagsdagatal**

- Aðalfundur 2016: 16. mars 2016
- Árshlutareikningur Q1 2016: 27. apríl 2016
- Árshlutareikningur Q2 2016: 23. ágúst 2016
- Árshlutareikningur Q3 2016: 27. október 2016
- Ársreikningur 2016: 16. febrúar 2017

Nánari upplýsingar veita Eggert Kristófersson, forstjóri, (eggert@n1.is) og Pétur Hafsteinsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs, (peturh@n1.is).